



# Waldorfskólinn Lækjarbotnum

waldorfskolinn@waldorfskolinn.is

Sími 587 4499

2025-2026



## Foreldrafélagið

Í skólanum er starfrækt foreldrafélag og fyrir utan starfandi stjórn eru þrír hópar sem sjá um ýmis verkefni. Hóparnir skiptast í - *Hugur, Hjarta og Hönd*.

### HUGUR

Hópurinn *Hugur* einbeir sér að skýrum samskiptaleiðum foreldra, skóla og barna. Hann stendur fyrir m.a. fyrirlestrum og fræðslu af ýmsum toga og styður við nemendaráð.

### HJARTA

*Hjartað* er hlýjan í starfsemi foreldrafélagsins. Hópurinn einbeir sér að því að byggja upp samfélagið með það fyrir augum að rækta vináttu, gestrisni og þakklæti. Hjartað sér um að bjóða nýja foreldra formlega velkomna í samfélagið og hjálpar til við skipulagningu á hátíðum og samkomum yfir árið, þar með talið jólabasarinn og aðrar samverustundir foreldra.

### HÖND

Hópurinn beinir kröftum sínum að umhverfi skólans. *Handar* hópurinn í samvinnu við skólann, vinnur að því að viðhalda mannvirkjum á skólalóðinni, að fegra umhverfið og að tryggja öryggi nemenda og kennara. Handarhópurinn sér m.a. um að:

- skipuleggja viðhald á skólahúsnæðum,
- skipuleggja og þróa útileiksvæði,
- fegra umhverfið m.a. með skógrækt,
- skipuleggja vinnuhelgar,
- fylgja eftir vinnu þar sem ýtt er á skipulagsyfirvöld Kópavogs að staðfesta skólastarfsemina í Lækjarbotnum í aðalskipulagi til framtíðar.

Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins, sem er gefandi bæði fyrir þau sjálf, börnin og skólann.

### Forföll, veikindi og leyfi

- Við minnum foreldra á að skrá veikindi og forföll inn á namfus.is,
- ef foreldri óskar eftir lengra frí en þrjá daga þarf að sækja um það sérstaklega hjá skrifstofu skólans.

## Kæru foreldrar og aðstandendur

Nú hefjum við 35. starfsár Lækjarbotna eftir gott sumar og erum við tilbúin að hefja nýtt skólaár af fullum krafti. Fáeinir nýjir starfsmenn verða með okkur í Lækjarbotnum í vetur:

- Gabija Balciunaitė – *matráður*
- Védís Drótt Cortez – *skólaliði*
- María Saga Hlíðberg – *skólaliði*
- Lidía Radkiewicz – *aðstoð í eldhúsi*
- Íris Björk Jakobsdóttir – *fulltrúi stoðþjónustu*.
- Kolbrún Kristín Karlsdóttir – *ritari*.
- Hrafnhildur Jóakimsdóttir – *umsjón 1. bekk*.
- Kristín Þóra Gunnlaugsdóttir – *skólaliði*.

Við bjóðum þau hjartanlega velkomin til starfa í Lækjarbotnum.

Við ætlum að byrja skólaárið, líkt og undanfarin ár, á að ganga í skólann. Rúturnar munu hleypa öllum nemendum út rétt fyrir innan afleggjarann að Lækjarbotnum. Við göngum svo gegnum fallega náttúru austan megin við veginn. Mikilvægt er að nemendur séu í góðum skóm og klæðist eftir veðri. Eftir haustfrí verður morgunsöngur í Skemmunni fram að páska, eftir páska hefst gangan á ný. Mánudagar verða nestisdagar líkt og undanfarin ár og óskum við eftir því að nemendur skólans komi með hollt og gott nesti fyrir daginn.

Þið getið nálgast símanúmer foreldra, netföng og fleira inni á namfus.is. Inn á heimasíðu skólans [www.waldorfskolinn.is](http://www.waldorfskolinn.is) er hægt að nálgast frekari upplýsingar um skólastarfið svo sem skóladagatal og kennsluáætlanir. Á heimasíðunni er einnig lokað svæði fyrir foreldri, nánari upplýsingar um það er hægt að fá hjá ritara.

Við viljum benda á að það er best ef nemendur koma með inniskó (helst úr ull, ekki stífa plastskó), eða góða ullarleistar í skólann þar sem það er mikill gólfkaldi hjá okkur.

Við óskum þess að öll sem koma að skólanum séu virkir þátttakendur í því fjölbreytta starfi sem hér fer fram; börnum okkar, okkur sjálfum og framtíðinni til gagns og gamans.

Með ósk um gott samstarf, starfsfólk Waldorfskólans Lækjarbotnum.

## Góður skólabragur

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum viljum við hafa jákvæð samskipti milli nemenda, foreldra og starfsfólks. Mikilvægt er að börn og fullorðin séu góðar fyrirmyndir og mæti hverju öðru með hvetjandi og uppbyggjandi viðmóti. Við leggjum áherslu á gagnkvæma virðingu, kurteisi, tillitsemi og umhyggju í samskiptum við annað fólk og í umgengni við umhverfið og náttúruna.

Við leggjum áherslu á heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Það felur m.a. í sér að njóta þess að vera saman í umhverfi skólans og undirbúa okkur fyrir þau verkefni sem bíða okkar í framtíðinni. Notkun farsíma, hljómfletningstækja og leikjatölva truflar lifandi samveru og er bönnuð á skólatíma. Skólareglur Waldorfskólans í Lækjarbotnum eru hér að neðan og biðjum við ykkur að fara vel yfir þær með börnum ykkar:

1. Nemendur koma fram af virðingu við starfsfólk skólans og samnemendur og sýna almenna kurteisi og tillitsemi í orði og verki.
2. Nemendur fylgja fyrirmælum starfsfólks.
3. Nemendur ganga hljóðlega um skólahúsnæði. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver starfsmanneskja og nemandi á rétt á því að fá frið til að sinna sínum verkefnum í leik eða starfi.
4. Nemendur ganga vel um skólann, eigur hans og annarra jafnt úti sem inni. Ekki er leyfilegt að yfirgefa svæðið nema með sérstöku leyfi.
5. Skólalóðin er leiksvæði okkar allra og við sýnum sanngirni í leik og starfi.
6. a) Snjókast stundar engin/n án gagnkvæmrar vitundar og samþykkis annarra, þetta á við um alla leiki. b) Nemendur renna sér á sleðum sunnan megin við rauða húsið. Krafa er um hjálm og annan viðeigandi hlífðarbúnað ef börnin renna sér á öðru en venjulegum snjóbotum (s.s. stýrissleðar, snjóbretti, skíði o.þ.h.).
7. Ekki er leyfilegt að stunda fótbolta á skólalóðinni.
8. Nemendur mæta stundvíslega í tíma.
9. Notkun farsíma eða annarra rafeindatækja er ekki leyfileg á skólatíma, það á einnig við um skólarútur.
10. Nemendur mæta ekki með sælgæti eða tyggigúmmi í skólann.

## Skyldur foreldra gagnvart skólastarfi

Waldorfskólinn krefst meiri þátttöku af hendi foreldra heldur en hinn almenni grunnskóli gerir ráð fyrir. Foreldrar styðja markvist við skólagöngu barnsins og stuðla m.a. að uppbyggingu skólans á vinnuhelgum sem er mjög mikilvægt útfrá uppeldisfræðinni því barnið skynjar að foreldri þess hafi átt hlut að verki sem aftur markar spor í upplifun þess af daglegu skólahaldi. Eftirfarandi veitir innsýn í þau verkefni sem foreldrum ber að taka þátt í:

### Jólabasar

Jólabasarinn er mjög mikilvæg tekjulind fyrir skólann. Þetta er stór hátíð sem krefst mikils undirbúnings og ein af skyldum foreldra við skólann er að taka þátt í undirbúningnum með þátttöku í ýmis konar vinnu við gerð handverks sem er selt á basarnum. Að auki þurfa foreldri að skipta með sér vöktum á sjálfum basardegnum, taka þátt í undirbúningi og frágangi húsnæðis og einnig að taka þátt í kynningarstarfi. Í byrjun haustannar er auglýst dagskrá þar sem foreldri skráir þátttöku sína og geta flestir fundið eitthvað sem hentar þeirra reynslu og getu.

### Helgarþrif

Sú ábyrgð hvílir á herðum foreldra að húsnæði skólans sé þrifið reglulega. Skólinn útvegar öll þrifáhöld og er þrifalisti sendur á alla foreldra fyrir annaskipti. Mjög mikilvægt er að vera vakandi fyrir þeim helgum sem þið eruð skrifuð á og ef þið sjáið ykkur ekki fært að mæta, þurfið þið að finna lausn innan foreldrahópsins. Höfum það í huga að börnin þurfa að koma að hreinum húsum í byrjun skólavíku.

### Vinnuhelgar

Vinnuhelgar eru mjög mikilvægur félagslegur viðburður í skólaárinu þar sem öll fjölskyldan kemur og hittir aðrar fjölskyldur. Dagurinn fer í að sinna viðhaldi bæði innan- og utandyra. Þau störf sem inna þarf af hendi eru auglýst og hvert foreldri er ábyrgt fyrir að skrá sig á eitt eða fleiri störf. Vinnuhelgin er skipulögð af handarhóp foreldrafélagsins og starfsfólki skólans.

**Ath:** Við viljum minna foreldra á að það er **skólaskylda** hjá **nemendum** og **foreldrum** þá daga sem koma upp á tíma fyrir utan hefðbundið skólahald líkt og vinnuhelgar, basarvinnudagar og jólabasar.

## Rútuþjónusta

Í vetur munu tvær skólarútur sinna rútuþjónustu skólans. Rúturnar fara af stað stundvíslega klukkan 8:05 og því er mikilvægt að öll börn séu mætt tímalega. Rúturnar verða komnar í síðasta lagi kl. 07:55 ásamt starfsmanni.

### Fuglarútan

Kjarvalsstaðir kl. 8:05/14:55

### Sólarútan

Mjódd kl. 8:05/15:00

Norðlingaholt kl. 8:20/14:45

### Í rútunni gilda eftirfarandi reglur:

- Þeir nemendur sem hafa valið að nýta rútuþjónustuna fá föst sæti í rútunum,
- nemendur sitja með öryggisbeltin spennt alveg þar til rútan stoppar,
- ekki er leyfilegt að borða nesti né að taka með sér dót í rútuna,
- notkun síma og annarra tækja eru bönnuð í rútunni.

Nemendur eru á ábyrgð foreldra þangað til þeir stíga inn í rútuna að morgni. Starfsfólk skólans tekur ábyrgð á nemendum eftir að í rútuna er komið og þar til nemendur eru komnir í hendur aðstandenda að skóladegi loknum (1.-4. bekkur), eða þar til nemendur fara frá rútu heim á leið með öðrum hætti, t.d. strætó (5.-10. bekkur).

Við biðjum foreldra vinsamlega að fara ekki inn í rútuna þegar börnin eru sótt, það getur skapað öngþveiti og teppir útganginn.

Eftir að rútan er farin frá skólanum kl. 14:30, eru nemendur sem sóttir eru í Lækjarbotna af foreldrum á þeirra ábyrgð þar sem ekki er tryggt að einhver fullorðin séu á staðnum að loknum skóladegi.

Snjalltæki eru ekki leyfð á skólatíma né í skólarútum. Sjái nemandi sér ekki fært að skilja snjalltæki eftir heima (þ.m.t. síma, úr eða airpods) skulu þau geymd í þar til gerðu símaboxi hjá starfsmanneskju hverrar rútu fyrir sig.

**Ath:** Þrisvar yfir skólaárið keyrir rútan ekki heim að skóladegi loknum og því verða foreldrar að sækja börn sín eftir skóla eftirfarandi daga: Furudalsviku (26.sept), jólaskemmtun (16.des), páskaskemmtun (26.mars).

## Starfsfólk skólans

Anna Rut Steinsson, *kennsla í handavinnu*

Björg Árnadóttir, *skólaliði*

Björn Logi Sigurbergsson, *skólastjóri/gjaldkeri*

Elmar Sæmundsson, *skólanefnd*

Gabija Balciunaite, *matráður*

Lidía Radkiewicz, *aðstoð í eldhúsi*

Hrafnhildur Jóakimsdóttir, *umsjón með 1. bekk*

Íris Björk Jakobsdóttir, *fulltrúi stoðþjónustu*

Ívar Hollanders, *umsjón með 2. 3. bekk*

Ívar Zophonías, *umsjón með 6.-7. bekk*

Kolbrún Guðmundsdóttir, *kennsla í heimilisfr.*

Kolbrún Kristín Karlsdóttir, *ritari*

Kristín Þóra Gunnlaugsdóttir, *skólaliði*

Maria Luise Alf, *skólanefnd*

María Saga Hlíðberg, *skólaliði*

Outi Kuosmanen, *umsjón með 10. bekk*

Snorri Haralds, *umsjón með tónlistar kennslu*

Snorri Sigurður Hertervig, *smíðakennari*

Salbjörg Ýr Guðjónsd., *umsjón með 8.-9. bekk*

Sylvía Líf Árnad., *umsjónarkennari í 4.-5. bekk*

Sævar Geir Hallvarðsson, *rútubílstjóri*

Tinna Ásgeirsdóttir, *nemandavernd*

Védís Drótt Cortez, *skólaliði*

Þóra Björg Sigurðardóttir, *íslenskukennari*

annarut@waldorfskolinn.is

bjorg@waldorfskolinn.is

bjorn@waldorfskolinn.is

elmar@waldorfskolinn.is

eldhus@waldorfskolinn.is

eldhus@waldorfskolinn.is

hrafnhildur@waldorfskolinn.is

iris@waldorfskolinn.is

ivar@waldorfskolinn.is

ivarz@waldorfskolinn.is

kolla@waldorfskolinn.is

ritari@waldorfskolinn.is

kristin@waldorfskolinn.is

luise@waldorfskolinn.is

maria@waldorfskolinn.is

outi@waldorfskolinn.is

snorrih@waldorfskolinn.is

smidi@waldorfskolinn.is

salbjorg@waldorfskolinn.is

sylvia@waldorfskolinn.is

tinna@waldorfskolinn.is

vedis@waldorfskolinn.is

thora@waldorfskolinn.is

Kennarar og annað starfsfólk skólans hafa ekki fastan viðtalstíma, en hægt er að hafa samband við skrifstofu til að koma skilaboðum áleiðis. Einnig er hægt að hafa samband í gegnum tölvupóst eða síma á virkum dögum. Símanúmer skrifstofu er 587 4499, skrifstofan er opin milli klukkan 8:30 og 12:30, samkvæmt skóladagatali. Foreldri ber að tala við umsjónarkennara með góðum fyrirvara ef óskað er eftir fríi frá skóla. Ef foreldri óskar eftir lengra frí en þrjá daga þarf að sækja um það sérstaklega hjá skrifstofu skólans.

Upp geta komið mál þar sem foreldri treystir sér ekki til að leita beint til viðkomandi umsjónarkennara, tengiliðir í slíkum tilfellum er skrifstofan.

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

## Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: Waldorfskólinn Lækjarbotnum

| ÁGÚST                   | SEPTEMBER                                | OCTÓBER                          | NOVEMBER                   | DESEMBER                                 | JANÚAR                   | FEBRUAR                          | MARÇ                | APRÍL                                     | MÁJ                     | JÚNÍ                   |
|-------------------------|------------------------------------------|----------------------------------|----------------------------|------------------------------------------|--------------------------|----------------------------------|---------------------|-------------------------------------------|-------------------------|------------------------|
| 1 F Grunkúra 25.7 - 1.8 | 1 M                                      | 1 M                              | 1 L                        | 1 M                                      | 1 F Hljósdagur           | 1 S                              | 1 S                 | 1 M Páskafri                              | 1 F Vefar/Þaðagurinn    | 1 M                    |
| 2 L                     | 2 Þ                                      | 2 F                              | 2 S                        | 2 Þ                                      | 2 F Jólafri              | 2 M                              | 2 M                 | 2 F Skíddagur                             | 2 L                     | 2 Þ                    |
| 3 S                     | 3 M                                      | 3 F                              | 3 M                        | 3 M                                      | 3 L                      | 3 Þ                              | 3 Þ                 | 3 F Flensdagurinn langi                   | 3 S                     | 3 M                    |
| 4 M Oskókúrs            | 4 F                                      | 4 L                              | 4 Þ                        | 4 F                                      | 4 S                      | 4 M Foreldravíðtöl skertir dagar | 4 M                 | 4 L                                       | 4 M                     | 4 F Skólasítt          |
| 5 Þ Oskókúrs            | 5 F                                      | 5 S                              | 5 M                        | 5 F                                      | 5 M Starfsdagur          | 5 F                              | 5 F                 | 5 S Þáskdagur                             | 5 Þ                     | 5 F Starfsdagur        |
| 6 M Oskókúrs            | 6 L                                      | 6 M                              | 6 F                        | 6 L                                      | 6 Þ Þrensdinn            | 6 F                              | 6 F                 | 6 M Linnar í Þáskum                       | 6 M                     | 6 L                    |
| 7 F Oskókúrs            | 7 S                                      | 7 Þ                              | 7 F                        | 7 S                                      | 7 M                      | 7 L Dagurinn íslenskið           | 7 L                 | 7 Þ                                       | 7 F                     | 7 S Þórnadagurinn      |
| 8 F                     | 8 M Dagur læis                           | 8 M Foreldravíðtöl skertir dagar | 8 L Skíddagur gagnahafi    | 8 M                                      | 8 F                      | 8 S                              | 8 S                 | 8 M                                       | 8 F                     | 8 M Endum/Starfsd.     |
| 9 L                     | 9 Þ                                      | 9 F                              | 9 S                        | 9 Þ                                      | 9 F                      | 9 M                              | 9 M                 | 9 F                                       | 9 L Vinnud. foreldra    | 9 Þ Endum/Starfsd.     |
| 10 S                    | 10 M                                     | 10 F                             | 10 M                       | 10 M                                     | 10 L                     | 10 Þ                             | 10 Þ                | 10 F                                      | 10 S                    | 10 M Endum/Starfsd.    |
| 11 M                    | 11 F                                     | 11 L                             | 11 Þ                       | 11 F Luktarhátið                         | 11 S                     | 11 M                             | 11 M                | 11 L                                      | 11 M                    | 11 F Endum/Starfsd.    |
| 12 Þ Endum/Starfsd.     | 12 F                                     | 12 S                             | 12 M                       | 12 F                                     | 12 M                     | 12 F                             | 12 F                | 12 S                                      | 12 Þ                    | 12 F                   |
| 13 M Endum/Starfsd.     | 13 L Basar vinnudagur                    | 13 M                             | 13 F                       | 13 L                                     | 13 Þ                     | 13 F                             | 13 F                | 13 M Starfsdagur                          | 13 M                    | 13 L                   |
| 14 F Endum/Starfsd.     | 14 S                                     | 14 Þ Þemadagur                   | 14 F                       | 14 S                                     | 14 M                     | 14 L                             | 14 L                | 14 Þ Endum/Starfsd.                       | 14 Þ                    | 14 F Úppátíðingardagur |
| 15 F Endum/Starfsd.     | 15 M                                     | 15 M Þemadagur                   | 15 L Basar                 | 15 M                                     | 15 F                     | 15 S                             | 15 S                | 15 M                                      | 15 F Starfsdagur        | 15 M                   |
| 16 L                    | 16 Þ Dagur íslenskra náms                | 16 F Þemadagur                   | 16 S Dagur íslenskra söngu | 16 Þ Jólaskemmtun (Ath: engin róta helm) | 16 F                     | 16 M Gáfudagur                   | 16 M                | 16 F                                      | 16 Þ                    | 16 Þ                   |
| 17 S                    | 17 M                                     | 17 F Þemadagur                   | 17 M Starfsdagur           | 17 L                                     | 17 L                     | 17 Þ Þingdagur                   | 17 Þ                | 17 F                                      | 17 S                    | 17 M Ljósveiddagurinn  |
| 18 M Starfsdagur        | 18 F                                     | 18 L                             | 18 Þ                       | 18 F Jólasmatur                          | 18 S                     | 18 M                             | 18 M                | 18 L Basar vinnudagur                     | 18 M                    | 18 F                   |
| 19 Þ Skólasetning       | 19 F                                     | 19 S                             | 19 M                       | 19 F Jólakall                            | 19 M                     | 19 F Vetrarfrí                   | 19 F                | 19 S                                      | 19 Þ Ólympíuleikar      | 19 F                   |
| 20 M                    | 20 L                                     | 20 M                             | 20 F                       | 20 L Dagur mannféllda barna              | 20 Þ                     | 20 F Vetrarfrí                   | 20 F                | 20 M                                      | 20 M Ólympíuleikar      | 20 L                   |
| 21 F                    | 21 S                                     | 21 Þ                             | 21 F                       | 21 S                                     | 21 M                     | 21 L                             | 21 L                | 21 Þ                                      | 21 F Ólympíuleikar      | 21 S                   |
| 22 F                    | 22 M Furudalevika                        | 22 M                             | 22 L                       | 22 M Jólafri                             | 22 F                     | 22 S                             | 22 S                | 22 M                                      | 22 F Ólympíuleikar      | 22 M                   |
| 23 L                    | 23 Þ Furudalevika                        | 23 F                             | 23 S                       | 23 Þ Þóðskemmta                          | 23 F Þórnabíót Skíddagur | 23 M                             | 23 M                | 23 F                                      | 23 L                    | 23 Þ                   |
| 24 S                    | 24 M Furudalevika                        | 24 F                             | 24 M                       | 24 L Ljósveiddagurinn                    | 24 F                     | 24 Þ Vetrarfrí                   | 24 Þ                | 24 F                                      | 24 S Hítasunnudagur     | 24 M                   |
| 25 M                    | 25 F Furudalevika                        | 25 L                             | 25 Þ                       | 25 F Jóladaur                            | 25 S                     | 25 M                             | 25 M                | 25 L                                      | 25 M Linnar í Hítasunna | 25 F                   |
| 26 Þ                    | 26 F Furudalevika (Ath: engin róta helm) | 26 S                             | 26 M                       | 26 F Linnar í Þáskum                     | 26 M                     | 26 F                             | 26 F                | 26 S Þáskaskemmtun (Ath: engin róta helm) | 26 Þ                    | 26 F                   |
| 27 M                    | 27 L                                     | 27 M                             | 27 F                       | 27 L                                     | 27 Þ                     | 27 F                             | 27 F                | 27 M Þáskamatur                           | 27 M                    | 27 L                   |
| 28 F                    | 28 S                                     | 28 Þ                             | 28 F                       | 28 S                                     | 28 M                     | 28 L                             | 28 L                | 28 Þ                                      | 28 F                    | 28 S                   |
| 29 F                    | 29 M Starfsdagur                         | 29 M                             | 29 L                       | 29 M Jólafri                             | 29 F                     | 29 F                             | 29 S Þámasunnudagur | 29 M                                      | 29 F                    | 29 M                   |
| 30 L Vinnud. foreldra   | 30 Þ                                     | 30 F                             | 30 S                       | 30 F Jólafri                             | 30 F                     | 30 F                             | 30 M Páskafri       | 30 F                                      | 30 L                    | 30 Þ                   |
| 31 S                    | 31 M                                     | 31 F                             | 31 M                       | 31 L Þámasunnudagur                      | 31 L                     | 31 M                             | 31 F Páskafri       | 31 M                                      | 31 S                    | 31 M                   |

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skóladagur og foreldrabáttaka